

Sp.

1020. Nefndarálit

[247. mál]

um till. til þál. um skipulagningu náms og vinnu í sölu- og markaðsmálum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leitað álits manna um efni hennar. Í þeim umsögnum, sem hafa borist, er mælt með samþykkt tillögunnar. Nefndarmenn hafa orðið sammála um að leggja til að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því með samstarfi menntamálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og aðila vinnu- markaðarins að samræma og skipuleggja nám og starfsþjálfun á sviði sölu- og markaðsmála innanlands og utan, jafnhliða sérstökum aðgerðum til að afla þekkingar á mörkuðum. Markmiðið verði að koma á fót í skólakerfinu og viðskiptalífinu víðtæku námi í sölu- mennsku, markaðsöflun, kynningu, auglýsingatækni og samningagerð. Niðurstöður þessa starfs skulu lagðar fyrir Alþingi á næsta reglulegu þingi.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Gunnar G. Schram,
form.

Jóhanna Sigurðardóttir,
fundaskr.

Árni Johnsen,
frsm.

Friðjón Þórðarson.

Kristín S. Kvaran.
Stefán Valgeirsson.

Guðrún Helgadóttir.